

## Sjúkraþjálfari með stoðkerfismóttöku og önnur verk

### Hlutverk

- Sér um stoðkerfismóttöku sjúkraþjálfara á heilsugæslu
- Heldur starfi sjúkraþjálfara á lofti á heilsugæslu og er í faglegum samskiptum við aðra starfsmenn heilsugæslu um þau mál sem koma upp.
- Sjúkraþjálfari á heilsugæslu sinnir EKKI eiginlegri þjálfun eða meðferð skjólstæðings. Hann skoðar, metur, ráðleggur og kemur meðferð af stað sem skjólstæðingur getur haldið áfram með sjálfur.

### Bókun tíma til sjúkraþjálfara í stoðkerfismóttöku

- Ýmist geta skjólstæðingar bókað sig beint í tíma til sjúkraþjálfara í stoðkerfismóttöku eða tilvísanir koma frá öðrum heilbrigðisstarfsmönnum á heilsugæslu
- Bókað er í viðeigandi svæði hjá sjúkraþjálfara í tímabókunarkerfi Sögu
- Ef biðtími eftir tíma í stoðkerfismóttöku er orðinn **meiri en 2 vikur** þá ætti að reyna að forgangsraða.
- **Skipuleggja akút** tíma í stoðkerfismóttöku ef tilefni er til, sem heilbrigðisstarfsmaður gæti bókað í samdægurs.

### Viðtal og eftirfylgni

- Viðtal er 30-40 mínútur og er farið í gegnum sjúkdómseinkenni, skoðun gerð og í kjölfarið fræðsla og ráðleggingar.
- **Kóðun í skráningu þ.e. tilefni, ICD greining, Physio kóðar**
- **Notaður er NRS verkjakvarði ef um verk er að ræða**
- Sjúkraþjálfari hefur samband við lækni ef þörf er á frekari rannsóknum.
- Sjúkraþjálfari sendir æfingar eða aðrar ráðleggingar til skjólstæðings í gegnum Heilsuveru ef það á við og gefur út rafræna beiðni í sjúkraþjálfun ef þörf er á.
- **Undantekingalaust** skal hafa samband við skjólstæðing eftir 2 – 3 vikur vikur í formi símtals og kannað hvernig gangi og hvort þörf sé á frekari úrræðum, t.d. að hitta lækni eða fá beiðni í sjúkraþjálfun. **NRS verkjakvarði er notaður ef verkur er enn til staðar.**
- Hlutverk sjúkraþjálfara á stoðkerfismóttöku er ekki að veita meðferð heldur er um að ræða einn 30-40 mín tíma á heilsugæslustöðinni og eitt símtal. Ef þörf er á fleiri tímum þarf skjólstæðingur alla jafna að hitta sjúkraþjálfara á einkastofu.

**Önnur verkefni** sem sjúkraþjálfarar á heilsugæslu hafa verið að taka að sér en er mismunandi eftir heilsugæslum.

- Aðstoðar við val, mælingar og metur þörf á hjálpartækjum einstaklinga. Er heimahjúkrun til aðstoðar
- Sér um byltuforvarnir – leiðbeiningar á heimasíðu ÞÍH
- Tekur þátt í starfi Öldrunarteymis
- Tekur þátt í Heilsueflandi móttökum
- Tekur þátt í starfi Geðheilsuteymis